

253. Stjórnarfundur FEBRANG 18. nóvember 2024 kl. 13:30 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Jón Ragnar Björnsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson, Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Margrét Guðjónsdóttir.

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdís Oddsdóttur að rita fundargerð og Svavar Hauksson að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð fundar 252 frá 21.10. 2024 lesin og samþykkt.
2. Hvað gerðist milli funda.
 - a. Nýr leiðbeinandi í handverki. Ester Markúsdóttir hefur verið ráðin til aðstoðar með leiðbeinendum.
3. Ferðir 2025.

Fundargerð frá síðasta fundi lesin. Samþykkt að taka tilboði frá Þ.Á. Bíla varðandi ferðir næsta árs.
Rætt um umsókn til Ólafssjóðs.
4. Rekstraráætlun 2024 uppfærð.
5. Rekstraráætlun 2025 uppfærð.
6. Vörutalning. Miðvikudag 27. nóv kl.10.
7. Áhugi er fyrir því að taka Abler skráningakerfið í notkun. Sigdís heldur áfram að ræða við Rangárþing Ytra varðandi kennslu á kerfinu.
8. Hreyfing 60+. Málþing á vegum LEB o.fl. 19.11. Kl. 12-15. JRB mun mæta fyrir hönd félagsins.
9. Framboðsfundir vegna Alþingiskosninga.
 - a. Framsóknarflokkur litla sal í Hvolnum 18.11. kl. 20.
 - b. Sjálfstæðisflokkur reiðhöllinni á Hellu 19.11. kl. 18
 - c. Samfylkingin í Hvolnum 19.11. kl. 12:30.

Stjórn er sammála um að þurfa komi áherslupunktum eldri borgara til frambjóðenda flokkana og tala okkar máli. Stjórnarmeðlimum sem ætla á fundina er falið að afhenda frambjóðendum plagg frá LEB.
10. Vorönn
 - a. Byrja í viku 3 (13. - 19. janúar).
 - b. Annargjald í handverki fer úr 4.500 kr í 5.000 kr á önn.
 - c. Formaður dansnefndar kom á fundinn og rætt um komandi viðburði. Stefnt er að því að halda dansleik þann 14.mars nk. Öllum félögum eldri borgara á Suðurlandi er boðið að koma. Tónlistaratriði í skoðun.
 - d. Fréttabréf eldri borgara verður gefið út um áramót og verður það aðeins aðgengilegt á netinu.

e. Óskað eftir spilastjóra á Hvolsvelli.

11. Fólk óskast í eftirfarandi nefndir

- a. Skemmtinefnd.
- b. Dansnefnd.

12. Fundaplan:

- a. Stjórnarfundur 6.1. 2025 kl. 13. Undirbúningur aðalfundar.
Aðalfundur 3.2. 2025.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Fundarritari